



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavik, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

22. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

mánudagur 4. apríl 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Lárus Blöndal (LB) fór 19:30, Jón Bender (JB) mætti 17:55, Einar Karl Birgisson (EKB), Herbert S. Arnarson (HSA), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) og Erlingur Hannesson (EH).

Einnig mættu kl. 17:50 á fundinn Kristinn Geir Pálsson afreksstjóri og Snorri Örn Arnaldsson mótastjóri.

HSJ og SÖA rituðu fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð hefur verið send rafrænt og engar athugasemdir borist.

Undir þessum lið ræddi HSJ um stöðuna á skrifstofunni og það álag sem er á starfsmönnum okkar. Það er ljóst að bæta þarf við starfsmanni á næstunni til að gera vinnuhverfið betra. Einnig er það afar þreytt þegar fulltrúar félaganna væna starfsfólk sambandins um annarlegar hvatir í sinni vinnu og sýna starfsfólki okkar oft mikinn dónaskap. HSJ lagði til að farið yrði í vinnu við að greina betur starfsemi skrifstofunnar en það hefur ekki verið gert í langan tíma. Umræður innan stjórnar. Samþykkt að hefja vinnu við að greina starfsemi skrifstofunnar.

2. Fjármál

Staðan í ágætis málum. Þriggja mánaða uppgjör á næsta reglulega fundi. Enn hefur ríkisvaldið ekki tilkynnt fjárhagslega aðstoð við sérsamböndin og íþróttafélögin vegna samkomutakmarkana í COVID en beðið hefur verið fréttu vegna þess síðan í janúar.

3. Málefni FIBA og ÍSÍ

HSJ sagði frá bréfi sem KKÍ, FSÍ, HSÍ og KSÍ sendu til ÍSÍ til að ýta eftir vinnu hjá ÍSÍ. HSJ sagði sömuleiðis frá svari sem barst frá ÍSÍ.

HSJ sagði frá vinnu vegna þjóðarleikvanga sem enn stendur yfir.

HSJ sagði frá bréfi sem KKÍ ásamt nokkrum öðrum körfuknattleikssamböndum sendi á FIBA vegna innrásar Rússa inn í Úkraínu. Umræður innan stjórnar.

4. Mótamál

a. *Staðan á mótamálum í dag – almennt*

SÖA fer yfir stöðuna í mótamálum. Keppni yngri flokka hefur almennt gengið vel, þó næst ekki að klára alla leiki í deildarkeppni yngri flokka vegna fjölda þeirra leikja sem þurfti að fresta vegna COVID, flensu og veðurs.

b. *Breytingar sem þarf að gera*

SÖA fer yfir tillögur að breytingum. Stuttar umræður um breytingar. Stjórn samþykkir framlagðar breytingatillögur.

Umræður um stöðu kvennaboltans og möguleika á að fjölga liðum í úrvalsdeild kvenna. Áhugi á að stækka úrvalsdeild kvenna en ekki er öruggt að þetta sé rétti tíminn þar sem 1. deildin hefur fyrst verið að fjölga. Stjórn sammála um að úrvalsdeild kvenna verði stöðug sem 8 liða deild og að fjöldi í 1. deild kvenna haldist áfram.

c. *Umræður og ákvarðanir í kjölfar fundar með félögum 29. mars 2022*

HSJ opnar umræður. BL og SÖA fara yfir samantekt eftir fundinn og hvers eðlis breytingarnar eru. Það er nokkur fjölgun leikja sem fylgir þessum breytingum og sömuleiðis eru áhyggjur af stækkun bikarkeppninnar og framkvæmd hennar.

Ítarlegar umræður um niðurstöður fundarins og fyrirbyggjandi tillögur. Nokkur atriði sem þarf að laga og skoða betur og því frestað til næsta stjórnarfundar að klára endanlega útfærslu breytinganna.

5. Málefni erlendra leikmanna

Vinnuhópur stjórnar fer yfir stöðuna

HSJ kynnir hugmyndir sem komu fram í lok mars um breytingar á fjölda erlendra leikmanna frá 11 af 14 félögum í Subwaydeildunum og kynnir stuttlega starf vinnunefndar stjórnar KKÍ.

EKB fer yfir starf vinnunefndar stjórnar um málefni erlendra leikmanna og þær hugmyndir sem hafa komið frá félögum.

HSJ fór yfir nokkur atriði.

Góðar og miklar umræður um þær hugmyndir sem EKB kynnti.

Stjórn KKÍ vísar málinu aftur til nefndarinnar til frekari umfjöllunar og vinnu og málið verður lagt aftur fyrir fund stjórnar 19. apríl.

6. Önnur mál

- a. HSJ fór yfir vinnu við markaðsmál KKÍ.
- b. HSJ sagði frá vinnu við að taka upp Sportabler við skráningu í úrvalsþúðir og annað sambærilegt hjá okkur.
- c. HSJ sagði frá vinnu sem er í gangi með heimasíðu KKÍ. Unnið verður að því að heimasíða KKÍ verði notendavænni.
- d. HSJ vinnur að því að finna dagsetningu fyrir formannafund og boðar fundinn.
- e. BL spurði um keppnisstaði sumarsins og æfingaáætlanir fyrir sumarið hjá yngri landsliðum. KGP og HSA fór yfir málin.
- f. KGP sagði frá ráðningu Borche Ilievski á U16 drengja og vinnu við val liðsins. Frekari umræða um þjálfaramál U16 drengja.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 20:35. Næsti fundur stjórnar verður 19. apríl kl. 17:00.